

Kirkjugarðarnir eru friðhelgir.
Öll óþarfa umferð er bönnuð, leikir og
hverskonarhávaði.

Börn mega ekki hafast þar við nema í fylgd
með fullorðnum, sem bera þá ábyrgð á
hegðun þeirra.

Umferð vélknúinna ökutækja og reiðhjóla er
óæskileg.

Bannað er að fara um garðinn með hunda,
hesta og önnur dýr.

Ef nauðsyn er á akstri um garðinn skal hraði
ökutækja aldrei fara yfir 20 km á klst.

Vinsamlegast gangið snyrtilega um garðinn,
og notið viðeigandi ruslailat, fyrir lífrænt efni
og ólífrænt efni.

Eigi má setja upp girðingar úr steini, málm,
timbri eða öðrum efnum um einstök leiði eða
fjölskyldugrafreiti.

Tré og runna má ekki gróðursetja án leyfis,
hafa skal samráð við garðyrkjustjóra.

Sólland


fyrst grafið 2009

Upplýsingar um grafreiti fást á skrifstofum:

í Fossvogi í síma 585-2700 ,

í Gufunesi í síma 585-2770

mán.-fim. 8:00 – 16:00 og fös. 8:00 – 12:00



Umhirða leiða

Öll umhirða á leiðum yfir sumartímann, s.s sláttur, hirðing og sléttun leiða, er á höndum starfsmanna Kirkjugarðanna og ekki er tekið gjald fyrir þá þjónustu. Sumarblóm er hægt að kaupa á leiði hjá Kirkjugörðunum, hafa skal samband við skrifstofu Kirkjugarðanna í síma: 585-2700 og 585-2770

Legsteinn og reglur um stærð

Kirkjugarðar Reykjavíkur mæla með því að legsteinar séu ekki settir á kistuleiði fyrr en ári eftir jarðsetningu. Í duftgarði þarf ekki að bíða svo lengi. Reglur um stærð og gerð minnismerkja er að finna á heimasíðu Kirkjugarða Reykjavíkur, kirkjugardar.is. Garðyrkjustjóri og starfsmenn skrifstofu veita upplýsingar um minnismerki leiða.

Girðingar og hellur

Ekki er leyfilegt að setja girðingar eða hellur umhverfis leiði. Garðyrkjustjóri og starfsmenn skrifstofu veita upplýsingar um umgjarðir leiða.

Gróðursetning

Ekki er leyfilegt að planta trjákendum plöntum og sumum fjölæringum á leiði. Blómabeð við kistuleiði eru að jafnaði 60x80 cm. Garðyrkjustjóri og starfsmenn skrifstofu veita upplýsingar um leyfilegan gróður á leiðum.

Jólaskraut á leiðum

Þeir aðstandendur, sem skreyta leiði ástvína sinna um jól og áramót, eru beðnir um að taka skrautið **fyrir 1.febrúar**, ef aðstæður leyfa.

Viðgerð á leiðum og minnismerkjum

Viðgerðir á minnismerkjum s.s. vinna við að rétta legsteina, gera við steypuskemmdir o.fl. eru á höndum aðstandenda. Þeim aðstandendum sem standa frammi fyrir viðgerðum er bent á að hafa samband við til þess fallandi fyrirtæki sem sjá um slíka þjónustu.

Akstur um garðana er óæskilegur

Að lokum viljum við benda öllum á að leggja bílunum á bílastæðin og ganga um garðana.

Garðyrkjustjóri er með síma: 585-2720 og 620-4745

Starfsmenn skrifstofu er með síma: 585-2700 og 585-2770

Með kveðju frá starfsfólki Kirkjugarðanna.